

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Pórunn Guðmundsdóttir
sópransöngkona

Kristinn Örn Kristinsson
^{og}
pianóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 13. ágúst 1996 kl. 20:30

Efnisskrá

Pórunn Guðmundsdóttir útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám í söng í Bandaríkjum og lauk meistaragráðu frá Tónlistarháskólanum í Bloomington, Indiana. Eftir að hún kom heim frá námi hefur hún stundað margvísleg tónlistarstörf. Hún hefur komið víða fram sem einsöngvari, m.a. með Kammersveit Reykjavíkur og í konsertuppfærslu á Orfeo Monteverdis. Þá hefur hún sungið einsöng með ýmsum kórum og haldið fjölda einsöngstónleika. Núna starfar Pórunn sem kennari við Tónlistarskólann í Hafnarfirði og Tónskóla Sigursveins.

Kristinn Örn Kristinsson stundaði nám við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann stundaði framhaldsnám í Bandaríkjum og lauk B.M. prófi frá Southern Illinois Universtiy, Edwardsville. Eftir það stundaði hann framhaldsnám í tvö ár við St. Louis Conservatory of Music. Frá því að Kristinn kom heim frá námi hefur hann verið eftirstóttur meðleikari bæði af hljóðfæraleikurum og söngvurum. Kristinn er skólastjóri Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Pau Pórunn og Kristinn hafa unnið tölvert saman á undanförnum árum. Pau hafa m.a. komið fram á Gerðubergstónleikum og Háskólatónleikum og á síðasta ári kom út geisladiskur þar sem þau flytja lög eftir Jón Leifs og Karl O. Runólfsson.

Henry Purcell
(1659-1695)

Karl O. Runólfsson
(1900-1970)

Sigfús Einarsson
(1877-1939)

Sigvaldi Kaldalóns
(1881-1946)

Sigurður Þórðarson
(1895-1968)

Jón Leifs
(1899-1968)

Hjálmar H. Ragnarsson
(f. 1952)

Mad Bess
The Blessed Virgin's Expostulation

Pjóðlagaútsetningar
Íslenskt rímnalag

Úti ert þú við eyjar blár
Enginn lái öðrum frekt
Ríðum, ríðum

Gígjan

Fjallið eina
Heimir

Ave María
Gratias agimus tibi
Sjá dagar koma

Pula
Draugadans

Prír söngvar úr leikritinu Pétri Gaut
Söngur Sólveigar
Hátfásöngur
Vögguvísa Sólveigar

H. Ibsen. Þýð. Einar Benediktsson
Embla

Höf. óþekktur
The Blessed Virgin's Expostulation Tate

Kristján Jónsson og
Jónas Hallgrímsson

Þjóðvísa

Grímur Thomsen

Benedikt Gröndal

Grétar Fells
Grímur Thomsen

Davíð Stefánsson

Sigurður Grímsson
Sigurður Grímsson

Njörður P. Njarðvík

Ave María

Heill þér, María, full náðar
Drottinn er með þér.
Blessuð ert þú meðal kvenna
og blesaður er ávoxtur kviðar þíns, Jesús.
Heilaga María, Guðsmóðir,
bið fyrir okkur syndugum
nú og á dauðastund vorri.
Amen.

Fyrsti hluti þessarar alþekktu bænar er ávarp Gabríels er hann kemur til að tilkynna Maríu um væntanlega fæðingu Jesús og hlutverk hans. Miðhlutinn er tilvitnun í Elísabetu, móður Jóhannesar skírara. María kom í heimsókn til hennar þegar báðar voru þungaðar: „Þá varð það, þegar Elísabet heyrði kveðju Maríu að barnið tók viðbragð í kviði hennar, og Elísabet fylltist heilögum anda, kallaði upp með hárri röddu og mælti: Blessuð sért þú meðal kvenna, og blesaður sé ávoxtur kviðar þíns“. Báðir þessir hlutar eru úr Lúkasarguðspjalli. Síðasta hlutanum var bætt við á fyrri hluta 15. aldar.

Gratias agimus tibi

Við færum þér þakkir
sakir mikillar dýrðar þinnar.

Þetta er hluti af textanum í Gloríu þætti messunnar. Hægt er að rekja textann (í örlítið breyttri mynd) allt aftur til ársins 380.

Brjálaða Bess

Mad Bess

Úr þöglum skuggum og lundum alsælu
þar sem daprar, horfnar sálir syrgja ástvini sína,
frá kristal-lækjum og frá landinu þar sem Júpiter
krýnir akrana blómum allan ársins hring,
er vesalings ruglaða Bess, klædd í tötra sína og óra,
komin til að lækna ástsjúkt þunglyndi sitt.
Cynthia hin bjarta ærslaðist fram eftir nóttu,
á meðan álfadrottingin Mab dansaði
og Óberon sat í hásæti
þegar Mars beindi spjóti sínu að Venusi.
Í blómbreiðunni þarna liggur ástin mín
grafin í fljótandi daggargimsteina,
dag hvern mun ég vökva hana með tári
til að lífga fölnuð blóm hennar við.
Úr því að ástvinur minn er dáinn, og öll gleði mín er á braut
mun vesalings Bess gera sveig hans vegna,
tónlist mín skal verða stuna.
Ég mun leggjast niður og deyja innan í einhverju holu tré.
Hrafninn og kötturinn, uglan og leðurblakan
skulu kyrja sorgaróð yfir mér.
Sáuð þið ekki ástvin minn þegar hann fór framhjá?
Hin tvö blikandi augu hans, komi hann nærrí ykkur,
þau munu láta hjörtu ykkar fuðra upp.
Konur, varið ykkur,
svo að hann fangi ykkur ekki með augnaráðinu.
Hlustið! Ég heyri Karon gamla hrópa,
hann mun ekki bíða lengur með bát sinn;
refsinornirnar smella svipum sínum og kalla:
Komdu, komdu burt.
Vesalings Bess mun snúa aftur þaðan sem hún kom
úr því að heimurinn er svo brjálaður
að hún hefur enga von um lækningu
því að ástin er orðin að loftbólu, skugga, nafni

Ákall hinnar helgu meyjar The Blessed Virgin's Expostulation

sem kjánar dást að og vitrir menn umbera.

Mér er kalt og ég er orðin svöng.

Ég mun nælast á fæðu guðanna, drekka drykk þeirra og syngja.

Sá sem er ánægður kemur í veg fyrir allar sorgir

og Bess í hálmi sínum,

laus við lög og reglur

er eins mikil og konungur í huganum.

Seg mér, einhver miskunnsamur engill,
seg fljótt hvar hið ljúfa yndi sálu minnar reikar um.

Í Tíger, eða á grimmari slóðum Heródusar?

Ó, lát litlu skrefin hans frekar liggja óséð um auðnina,
þar sem blíðari villimenn dvelja;
eyðimörkin er öruggari en hirð harðstjórans.

Hvers vegna, fegursta yndið mitt,
hvers vegna hverfur þú löngunarfullum augum mínum?

Var það vöku draumur

sem sagði fyrir um undursamlega fæðingu þína?

Engin sýn að ofan?

Hvar er Gabiel núna, sem vitjaði míni?

Ég hrópa, ég hrópa Gabríel! Gabríel! Hann kemur ekki!

Verið sælar, fögru vonir.

Dætur Júdeu gældu eitt sinn við mig
nefndu mig hina sélustu meðal mæðra.

Skelfileg breyting hefur orðið - nú er ég angistarfullst mæðra.

Hvernig á sál míni að hafa stjórn á tilfinningum sínum?

Hvernig á ég að standast straumana

meðan traust og efi kljúfa stríðandi sálu mína?

Því að á meðan þú ert horfinn sjónum mínum treysti ég Guði,
en ó, ég óttast ... ó ég óttast barnið.

Þetta ljóð er byggt á frásögninni í Lúkasarguðspjalli um það er Jesús, þá 12 ára gamall, ferðaðist með foreldrum sínum til Jerúsalem. Þegar þau snoru heimleiðis varð hann eftir í musterinu án vitundar þeirra og leituðu þau hans í þrjá daga. Er þau fundu hann loks sagði módir hans við hann „... Barn, hví gerðirðu okkur þetta? Sjá, faðir þinn og ég leituðum þín harmþrungin. Og hann sagði við þau: Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í því sem míns föður er?“